

Berist til:



FRÉTTABRÉF

23. árg. 3. tbl.

NÓVEMBER 2008

Efnisyfirlit

Desemberuppbót

Orlofshús í vetur

Efnahagsástandið og viðbrögð FÍ N

Staða kjarasamninga

Uppsagnir

Breytingar á ráðningarsamningi

Umsóknir úr Vísindasjóði



Umsóknarfrestur er til 5. desember 2008

Félag íslenskra náttúrufræðinga óskar félagsmönnum og fjölskyldum þeirra góðilægrar hátíðar og farsældar á nýju ári



Fréttabréf FÍN

Skrifstofa FÍN er í
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá
kl. 09:00-12:00 og
13:00-16:00

Sími: 568-9616
Fax: 568-9619
Neyðanr. 864-9616

Netfang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Páll Halldórsson,
formaður

Marianna H. Helgadóttir,
framkvæmdastjóri

Rósa M. Sigtryggsdóttir,
skjala- og upplýsinga-
fulltrúi

Útgefandi:
FÍN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:
1330 eintök

Prentun:
Umslag



Desemberuppbót

Starfsmaður sem er við störf fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tíma- bilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót í ár er sem hér segir:

- **Ríkið:** kr. 44.100,-
- **Reykjavíkurborg:** kr. 48.000,-
- **Launanefnd sveitarfélaga:**
Vísað til ákvæða í ráðningasamningi.
- **Almenni vinnumarkaðurinn:**
Vísað til ákvæða í ráðningasamningi.

Orl of shús í vetur

Hægt er að sjá lausar vikur og helgar í sumar- húsum FÍN, Fullsæl og Skógarkoti, á heima- síðu félagsins www.fin.is.



Einnig bendum við á Orlofssjóð BHM en þar er fjöldi sumarhúsa í boði, www.bhm.is.

Efnahagsástandið og viðbrögð FÍ N³

Allir standa frammi fyrir slæmu árferði í efnahagsmálum og myndin sem blasir við okkur er ekki góð:



Verðbólga vex

Gert er ráð fyrir að verðbólga á næsta ári verði rúm 14% þar af tæp 23% á fyrsta ársfjórðungi. Þetta bætist ofan á áætlaða 13% verðbólgu á þessu ári.

Kaupmáttur lækkar

Í sömu spá er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna lækki um rúm 8%.

Atvinnuleysi eykst

Í spá Seðlabankans er einnig gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 10% í lok næsta árs.

Nái þessi þróun að halda óheft fram leiðir þetta til gjaldþrots fjölda fjölskyldna.

Til að fylgja þessum málum eftir þarf atbeina heildarsamtaka. Mikilvægt er að BHM taki virkan þátt í að efla samstöðu launafólks og taki forystu fyrir aðildarfélögin um aðgerðir til varnar þeim ósköpum sem spáð er.

Félagið hyggst bregðast við með eftirfarandi hætti:

- 1) Fylgjast með þróun á vinnustöðum náttúrufræðinga.
- 2) Aðstoða félagsmenn sem verða fyrir atvinnumissi eða tekjuskerðingu til að njóta fyllsta réttar.
- 3) Framganga félagsins í kjarasamningum á næsta ári mun ráðast af því hver viðbrögð stjórnvalda verða við þessari óheillaþróun. Þar skiptir miklu að afborganir lána hækki ekki meðan laun standa í stað eða jafnvel lækka. Í þessu sambandi viljum við benda sérstaklega á:
 - Komið verði til móts við þá sem keyptu húsnæði í fyrsta sinn eða bættu við sig frá ársbyrjun 2005 þannig að afborgunarbyrði lækki.
 - Áhrifum vísitölutengingar lána á afborganir lána verði eytt. Annað hvort með afnámi þessarar tengingar með því að vísitölutenging verði tekin úr sambandi eða aðrar sambærilegar aðgerðir meðan verðkúfurinn gengur yfir.
 - Almennar aðgerðir til að halda uppi atvinnu.
 - Þeim sem verða fyrir tekjuskerðingu verði gert mögulegt að halda heimilum sínum.

Takist ekki að knýja ríkisvaldið til nauðsynlegra aðgerða, mun reyna á samstöðu stéttarfélaganna í landinu til að rétta hlut launamanna.



Kjarasamningar við ríkið

FÍN undirritaði kjarasamning við ríkið í lok júní, formaður FÍN kynnti í haust samninginn á stærstu stofnunum ríkisins.


Laun hækkuðu um 20.300,- kr. frá og með 1. júní 2008 og um 2,2% til viðbótar þar sem Vísindasjóður ríkisstarfsmanna var lagður niður.

Desemberuppbót var hækkuð í 44.100 kr. og veikindadagar barna fóru í 12 daga.

Greiðslur vegna endurhæfingarmála verða greiddar afturvirktil til 1. júní 2008, þegar niðurstaða um tilhögun endurhæfingar liggur fyrir.

Í stað Vísindasjóðs kemur nýtt kerfi endurmenntunar og var vinnuhóp falið að undirbúa verkefnið á tímabilinu frá 15. ágúst til 1. desember. Nýtt kerfi komi til framkvæmda í ársbyrjun 2009.

Samningurinn gildir til loka marsmánaðar 2009.



Kjarasamningar við SA

Kjarasamningur var gerður milli FÍN og Samtaka atvinnulífsins (SA) í ágúst með nokkuð stórum hópi annarra aðildarféлага BHM. Samningurinn tók gildi þann 1. október 2008. Um er að ræða samning um réttindi en án launaliðar. Samningurinn nær til þeirra sem starfa hjá fyrirtækjum sem eru innan vébanda SA, aðrir geta nýtt sér samninginn, en þá þarf að vísa sérstaklega í kjarasamninginn í ráðningarsamningi. Það er álit okkar að miklum áfanga sé náð með þessum rammisamningi um réttindamál FÍN-ara á almennum markaði.

Kjarasamningar við Reykjavíkurborg

Samningaviðræður standa yfir við Reykjavíkurborg en samningurinn rann út í lok síðasta mánaðar. Félagið hefur lagt fram og kynnt kröfugerð sína. Krafa verður um að starfsmenn Reykjavíkurborgar fái að lágmarki sömu launahækkanir og félagsmenn nutu hjá ríkinu. Einnig að samningar renni út á sama tíma og hjá ríkinu.

Kjarasamningar við Launanefnd

FÍN hefur hafið enn á ný viðræður við Launanefnd sveitarfélaga, en félagið hefur ekki náð að gera kjarasamning við LN frá því að samningar runnu út árið 2004. Ágreiningur hefur verið um samningsumboð Launanefndarinnar og um launalið kjarasamningsins. Krafa er um að samskiptum FÍN og LN verði komið í eðlilegt horf. FÍN mun boða til félagsfundar í nóvember/desember með FÍN-urum sem starfa hjá sveitarfélögum.

Kjarasamningar við búnaðarsamböndin

Félagsmenn í Hagsmunafélagi ráðunauta gengu inn í FÍN í vor og bjóðum við þá velkomna í félagið. Félagið hefur unnið að gerð kjarasamnings við búnaðarsamböndin. Hagsmunafélag ráðunauta sagði upp sínum samningi við búnaðarsamböndin og féll hann úr gildi þann 1. maí 2008, en samt sem áður mun hann halda gildi sínu þar til nýr samningur hefur verið gerður.

Aðal fundur fél agsins

Aðalfundur FÍN verður haldinn í febrúar 2009 og þurfa erindi fyrir fundinn að berast eigi síðar en 20. janúar 2009 þannig að þau komist í fundarboðið.

Uppsagnir

Félagið hefur ekki upplýsingar um það hve mörgum félagsmönnum hefur verið sagt upp starfi sínu eftir að fjármálamarkaðurinn hrundi, þar sem það er ekki tilkynnt til félagsins.

Mikilvægt er að félagsmenn tilkynni félaginu ef þeim er sagt upp starfi sínu og láti vita um nýtt netfang og símanúmer hafi það breyst. Einnig býðst félagsmönnum að pantta viðtalstíma, en félagið býður öllum félagsmönnum upp á viðtal til að ræða stöðuna og fara yfir þann feril sem í gangi er þegar félagsmenn standa frammi fyrir atvinnuleysi.

Það er alltaf áfall að missa vinnuna og því mun FÍN ekki láta sitt eftir liggja og vill koma málum sem fyrst í farveg.

Breyting á ráðningarsamningi

Félagsmönnum er bent á að leita eftir aðstoð félagsins standi þeir frammi fyrir þeirri ákvörðun að breyta þurfi ráðningarsamningi vegna aðstæðna á fjármálamarkaði. Mikilvægt er að átta sig á því að ákveðin breyting á ráðningarsamningi getur haft fyrirsjáanlegar afleiðingar, þ.m.t. skerðingu á réttindum, lækkun á orlofsuppbót og desemberuppbót, lækkun á greiðslum í orlofi og á rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta, komi til uppsagnar síðar.

Við hvetjum félagsmenn til að hafa samband við félagið áður en ráðningarsamningi er breytt tímabundið. Starfsmaður og atvinnurekandi semja um ráðningarkjör sín á milli og geta þar af leiðandi aðeins breytt ráðningarkjörum svo fremi að samkomulag náist um það. En laun mega aldrei verða lakari en kjarasamningar kveða á um.

Atvinnurekandi getur ekki breytt einhliða ráðningarkjörum starfsmanns, en ákveði hann slíkt getur starfsmaður litið svo á að honum hafi verið sagt upp starfi sínu. Kjósi starfsmaður að una ekki við breytingu á ráðningarkjörum ber honum að tilkynna atvinnurekanda um það. Velji atvinnurekandi að bjóða starfsmanni að gera breytingu á sínum launakjörum eða starfshlutfalli tímabundið í stað þess að segja viðkomandi starfsmanni upp þá er mikilvægt að um það sé gerður skriflegur samningur.

Vísindasjóður

Vísindasjóður FÍN hefur verið lagður niður hjá þeim félagsmönnum sem starfa hjá ríkinu og því verður úthlutun, hvað þá varðar, frábrugðin úthlutun utanfarinna ára. Úthlutun til annarra verður með sama sniði og í fyrra. **Aðrir en ríkisstarfsmenn þurfa að sækja um rafrænt á heimasíðu félagsins www.fin.is.**

Stjórn Vísindasjóðs sækir um fyrir hönd allra FÍN-ara sem voru í starfi hjá ríkinu þann 31. maí 2008. Trúnaðarmenn fara yfir starfshlutföll félagsmanna eins og verið hefur. Þeir sem eiga rétt úr sjóðnum en hafa hætt hjá ríkinu á úthlutunartímabilinu eða eru í fæðingarorlofi verða að sækja sérstaklega úr sjóðnum. **Einnig þurfa þeir sem vilja fá greiðslur úr sjóðnum vegna fyrra úthlutunartímabils að sækja um það sjálfir.**

Almennur umsóknarfrestur um greiðslur úr Vísindasjóði FÍN er til 5. desember 2008. Lokað verður fyrir umsóknir frá ríkisstarfsmönnum 5. desember 2008, en opið verður fyrir umsóknir frá öðrum fram í janúar 2009.

Úthlutunartímabilið er frá 1. nóvember 2007 til 31. október 2008 og er sótt um rafrænt á heimasíðu FÍN.

Fullur styrkur fyrir þá sem eru í 100% starfshlutfalli allt tímabilið verður eigi lægri en 65.000,-. Vísindasjóður hefur ávaxtað fé sjóðsins mestmegnis í innlánnum, en hefur geymt utanfarin ár rúmar 8 milljónir í peningamarkaðssjóði hjá Landsbanka Íslands og eru þeir óaðgengilegir eins og er. Þegar niðurstaða liggur fyrir um heimtur verður sú fjárhæð greidd út sérstaklega til félagsmanna samkvæmt úthlutunarreglum, en sú fjárhæð getur mest orðið 8.000 kr. á hvern féлага miðað við 100% starfshlutfall úthlutunartímabilsins.

Styrkurinn verður lagður inn á sömu bankareikninga og í fyrra, eigi síðar en 19. desember 2008. Félagsmönnum er bent á að hafa samband við skrifstofu FÍN skili greiðsla sér ekki fyrir þann tíma og ef þeir óska eftir því að fjárhæð verði lögð inn á annan reikning en í fyrra.